

Sp.

354. Tillaga

til þingsályktunar um kosning samningamanna.

Frá fullveldisnefndum.

Alþingi ályktar að kjósa fjóra þingmenn til þess að hafa á hendi samninga fyrir hönd þingsins við sendimenn Dana.

Greinargerð.

Sendimenn þeir, er hingað koma frá Danmörku til samninga við þing og stjórn Íslands, geta auðvitað ekki samið við alt þingið í einu. Verður því nauðsynlegt að kjósa milligöngumenn, en ætlast er til, að þeir beri mál sín jafnóðum undir fullveldisnefndir og undir þingflokka áður fastráðið sje að bera það undir þingið.